



Skólanámskrá

Tónlistarskóla Sandgerðis





Efnisyfirlit

Formáli	4
Tónlistarskóli Sandgerðis	5
Hlutverk tónlistarskóla	6
Til foreldra/forráðamanna nemenda í tónlistarskólum	7
Innritun – forgangsröð	8
Skólagjöld/fjölskylduafsláttur	8
Kennsla	9
Heimanám	9
Kennslubækur	9
Hljóðfæri/leiga	10
Próf	10
Samvinna við grunnskóla og leikskóla	11
Samstarf við foreldra	12
Tónleikar	12
Kennslugreinar	12
Skólareglur	13
Hagnýtar upplýsingar	14
Starfstími/skólaárið	15
Rekstur/skólaráð	15
Til minnis	16



Formáli

Skólanámskrá Tónlistarskóla Sandgerðis kemur hér út í fyrsta sinn, á tuttugasta og fimmta afmælisári skólans. Í námskránni er leitast við að gefa heildarmynd af starfsemi skólans, þar á meðal skipulagi, námi, kennslu og uppbyggingu skólastarfsins. Einnig er í henni að finna stutt ágríp af sögu skólans.

Tónlistarskólinn gegnir lykilhlutverki við miðlun tónlistarþekkingar og þróun tónlistarlífs í bæjarfélaginu. Skólinn þjónar breiðum hópi tónlistaráhugafólks á ýmsum aldri, jafn þeim sem stunda námið sér til ánægju og þeim sem hyggjast leggja tónlistina fyrir sig. Mikilvægt er að tónlistarnám veiki ánægju og örvi nemendur til að iðka tónlist og njóta hennar.

Þess er vænst að skólanámskrá Tónlistarskóla Sandgerðis komi nemendum, foreldrum og forráðamönnum barna í skólanum að góðu gagni.

Sandgerði, maí 2006

*Lilja Hafsteinsdóttir
skólastjóri*



Tónlistarskóli Sandgerðis

Tónlistarskóli Sandgerðis var stofnaður í janúar 1981 og var Margrét Pálmadóttir ráðin skólustjóri. Skólinn var fyrst í stað útibú frá Tónlistarskóla Njarðvíkur en hafði þó strax eigin skólustjóra, kennara og skólanefnd. Kennsla hófst í lok janúar, þann vetur fór öll kennsla fram í einu herbergi Grunnskóla Sandgerðis. Á haustdögum 1981 var útséð með að starfsemin þyrfti meira kennslurými með auknum nemendafjölda. Haustið 1981 fékk Tónlistarskóli Sandgerðis afnot af neðri hæð húss að Hlíðargötu 20 og var starfræktur þar til vors 1996. Haustið 1996 flutti skólinn starfsemi sína í vesturálmum grunnskólans og starfar þar enn í dag.

Skólustjórar Tónlistarskóla Sandgerðis frá upphafi :

Margrét Pálmadóttir	1981-1984
Björg Ólínudóttir	1984-1986
Sigurður Jónsson	1986-1987
Frank Herlufsen	1987-1988
Skólanefnd Tónlistarskóla Sandgerðis	1988-1989
<i>Ásgeir Beinteinsson, Lilja Hafsteinsdóttir, Guðmundína Kristjánsdóttir.</i>	
Oddný Jóna Þorsteinsdóttir	1989-1991
Ester Ólafsdóttir	1991-1994
Lilja Hafsteinsdóttir	1994-



Hlutverk tónlistarskóla

Hlutverk tónlistarskóla er að:

- stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar, m.a. með því að þjálfa tóneyra þeirra og einbeitingu, veita þeim fræðslu og auka færni á sviði hljóðfæraleiks, söngs og tónfræðagreina.
- búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur, m.a. með því að veita undirstöðuþekkingu, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð nemenda, jafnframt því að örva þá til að leika tónlist og syngja, bæði eina og með öðrum.
- búa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi, m.a. með því að veita þeim góða tæknilega tilsögn í hljóðfæraleik og söng, markvissa þjálfun í tónfræðagreinum og tækifæri til að koma fram.
- stuðla að auknu tónlistarlífi, m.a. með því að hvetja til virkni nemenda og kennara í almennu tónlistarlífi, með samvinnu við aðra mennta- og menningarstofnanir og samstarfi við listamenn.

(Úr aðalnámskrá tónlistarskólanna, almennum hluta)



Til foreldra/forráðamanna nemenda í tónlistarskólum

Mikilvægt er að nemendur búi við jákvætt viðhorf til tónlistarnámsins, að foreldrar/forráðmenn sýni náminu áhuga og þeir fylgist með framvindu þess.

Hljóðfæranám byggist að miklu leyti á daglegri og reglubundinni þjálfun og er því að verulegu leyti heimanám. Án markvissrar æfinga verður árangur rýr.

Nauðsynlegt er að nemendur geti æft sig þar sem þeir verða fyrir sem minnstri truflun og hafa ekki á tilfinningunni að þeir trufla aðra.

Ungum nemendum þarf að hjálpa við að skipuleggja æfingatímann.

Árangursríkara er að ungir nemendur æfi sig oft og skemur í senn en sjaldnar og lengur.

Tónlistarnám þarf að vera ánægjulegt og ánægjan felst ekki síst í stolti nemandans yfir eigin framförum og aukinni færni.

Eðlilegt er að áhugi nemenda sér ekki alltaf samur og jafn.

Ef nemandi sýnir merki um uppgjöf er mikilvægt að kennari og foreldrar/forráðamenn leiti orsaka og lausna. Stundum er nóg að skipta um viðfangsefni til að áhuginn glæðist á ný.

Hlustun er afar mikilvægur þáttur í öllu tónlistarnámi. Með því að hlusta á vel flutta tónlist fá nemendur nauðsynlegar fyrirmyndir. Foreldrar/forráðamenn geta lagt sitt af mörkum með því að hvetja nemendur til að hlusta á fjölbreytta tónlist við margs konar aðstæður og með því að fara með þeim á tónleika þegar tækifæri gefast, bæði innan tónlistarskólans og utan.

(Úr aðalnámskrá tónlistarskóla, almennum hluta)



Innritun – forgangsröð

Nemendur sækja um skólavist í maí. Allar umsóknir skulu vera skriflegar og auk þess staðfestar af foreldri/forráðamanni ef nemandi er yngri en 18 ára. Innritað er að hausti fyrir allt skólaárið. Dreifibréf með upplýsingum varðandi innritunardaga og skólagjöld fer á hvert heimili bæjarfélagsins í ágúst ár hvert.

Ef biðlisti myndast ræðst forgangsröð af eftirfarandi atriðum:

1. Framboði af kennurum
2. Nemendur sem stundað hafa nám við skólann sl. ár með viðunandi árangri fá áframhaldandi nám.
3. Nemendur sem stundað hafa tónlistarnám í öðrum tónlistarskólum veturinn áður eru teknir inn á undan nýnemum.
4. Hvaða hljóðfæri eru í boði og laus til útláns. Ekki er hægt að hefja nám á einstök hljóðfæri fyrr en ákveðnum aldri er náð.

Skólagjöld / fjölskylduafsláttur

Ganga skal frá skólagjöldum við innritun áður en kennsla hefst.

Hægt er að dreifa greiðslum í allt að 6 mánuði með boðgreiðslum eða gíróseðlum. Skólagjöld fást ekki endurgreidd þó nemandi missi áhuga á náminu. Endurgreiðsla skólagjalda fæst aðeins ef um langtímaveikindi nemenda er að ræða eða ef nemandi flytur úr bæjarfélaginu og nýr nemandi fyllir í skarðið.

Fjölskylduafsláttur miðast við að nemendur komi frá sama heimili. Annar nemandi fær 10% afslátt, þriðji 25% og fjórði 40% afslátt.



Kennsla

Hljóðfæra- og söngnám fer fram í einkatímum og byggist á náinni samvinnu kennara og nemanda. Fullt nám er 2 x 30 mínútur á viku eða 1 x 60 mínútur í viku hverri (aðeins fyrir lengra komna nemendur). Í upphafi náms er lögð áhersla á undirstöðuatriði í hljóðfæraleik/söng og tónfræðagreinum. Eftir því sem nemandinn nær betri tókum á hljóðfærinu tekst hann á við og kynnist verkum frá hinum ýmsu skeiðum tónbókmenntanna. Annar mikilvægur þáttur námsins er að virkja sköpunarþörf og ímyndunarafli hvers einstaklings svo þeir fái betur notið sín. Nemendur og foreldrar/forráðmenn ættu að hafa í huga að auk hljóðfæratímanna bætast einnig við hóptímar í tónfræðagreinum 1 x 60 mínútur á viku.

Heimanám

Til þess að ná góðum árangri er nauðsynlegt að nemendur á fyrstu stigum æfi sig heima. Þó tímalengd æfinga sé mismunandi eftir aldri og hve langt nemandinn er kominn í námi, er mjög mikilvægt að leggja áherslu á reglulegar, daglegar æfingar alveg frá upphafi. Yngstu nemendurnir (6 ára) spila lágmark 5-10 mínútur á dag, svo lengist æfingartíminn eftir því sem lengra liður í námi.

Foreldrar/forráðamenn geta orðið að miklu liði með því að hjálpa nemendum að skipuleggja æfingstímann sinn, útbúa rétt andrúmsloft og umhverfi til æfinga, mikilvægast er þó að sýna áhuga á því sem börnin eru að gera. Lykilatriði í tónlistariðkun er að „æfingin skapar meistarann“.

Kennslubækur

Kennslubækur vegna einkanáms á hljóðfæri/söng þurfa nemendur að kaupa sjálfir, en ef þess er óskað getur skólinn pantað námsefni fyrir nemendur.



Hljóðfæri/leiga

Skólinn á nokkurt safn af blásturshljóðfærum sem nemendur geta fengið leigð. Mikilvægt er að nemendur fari vel með hljóðfærin og láti þau alltaf í tösku þegar æfingum er lokið. Bili hljóðfæri eða skemmist skal hafa samband við skólann án tafar. Nemandinn ber ábyrgð á hljóðfæri því sem hann er með í leigu. Þegar ljóst þykir að nemandinn haldi áfram í námi er gert ráð fyrir að hann eignist sitt eigið hljóðfæri. Ef kaupa á nýtt hljóðfæri er ráðlegt að gera það í samráði við viðkomandi hljóðfærakennara.

Próf

Nýtt samræmt prófakerfi fyrir landið tók gildi 2004. Námið skiptist í þrjá megináfanga: grunnám (I.-III.stig), miðnám (IV-V stig) og framhaldsnám (VI.-VII. stig). Hverjum megináfanga lýkur með áfangaprófum, þ.e. grunnprófi, miðprófi og framhaldsprófi, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Lengd námstíma innan hvers áfanga er mismunandi og ræðst af ástundun, getu og þroska hvers einstaklings.

Milli áfangaprófa eru tekin stigspróf þ.e. I., II., IV., og VI. stig. Athuga þarf að til þess að áfanga-/stigspróf sé gilt þarf nemandi að hafa lokið prófum í tónfræðagreinum sem eru hliðstæðar því stigi sem hann er að ljúka. Allir nemendur taka próf á hverju skólaári, þeir nemendur sem ekki þreyta stigspróf eða áfangapróf taka vorpróf. Stigspróf og vorpróf á hljóðfæri/söng eru oftast í síðustu viku fyrir páskaleyfi, tónfræðapróf í byrjun maí. Leggja þarf inn umsókn hjá prófanefnd tónlistarskóla vegna töku áfangaprófa, prófdómarar á hennar vegum dæma prófin, í flestum tilfellum eru áfangapróf seinni hluta skólaárs. Kennari metur hvort og hvenær nemandi er tilbúinn að þreyta áfangapróf eða stigspróf. Til að standast áfanga-/stigspróf þarf lágmarkseinkunnina 6.0. Öll prófskírteini eru afhent við skólaslit.



Samvinna við grunnskóla/leikskóla

Haustið 2000 hófst formlegt samstarf milli tónlistarskólans, grunnskólans og leikskólans. Í dag eru öll börn á aldrinum 4 – 10 ára frá þessum stofnunum skráðir sem nemendur tónlistarskólans. Samstarf skólanna stuðlar að því að sem flest börn fá sama rétt á að kynnast tónlistarnámi.

Forskóli:

Nemendur í 1. – 3. bekk kynnast undirstöðuatriðum í blokkflautuleik, auk þess er söngur, hlustun og tónfræði hluti af náminu. Um er að ræða hópkenntu þar sem hámark 8 nemendur eru í hverjum hóp, lengd kennslustunda er 2x40 mín. á viku.

Hljóðfæraval:

Nemendur í 4. bekk fá innsýn í nám á „alvöru“ hljóðfæri, að vori í lok 3. bekkjar velja þeir sér eitt af þeim hljóðfærum sem í boði eru, þ.e. gítar, klarinett eða cornet. Hér er einnig um hópkenntu að ræða en einungis 3 nemendur í hverjum hóp, lengd kennslustunda er 2x30 mín á viku.

Framkvæmd á vali og endanleg niðurröðun er í höndum tónlistarskólans, hann annast innkaup á hljóðfærum og kennsluefni, auk þess greiðir hann kostnaðinn. Tónlistarskólinn lánar nemendum hljóðfæri án endurgjalds. Öll kennslan fer fram á skólatíma grunnskólans en í húsnæði tónlistaskólans, kennarar starfa eftir skóladagatali Tónlistarskóla Sandgerðis.

Leikskóli:

Kennari frá tónlistarskólanum annast tónlistarkennslu 4 – 6 ára leikskólabarna, þar er tónlistaráhugi vakinn á þessum móttækilega aldri og grunnurinn lagður inn út frá samþættu námsefni. Um er að ræða hópkenntu, hámark 6 nemendur í hverjum hóp, lengd kennslustunda er 1x30 mín. á viku.

Leikskólinn sér alfarið um innkaup á kennsluefni og hljóðfærum og ber kostnaðinn af því. Kennslan fer fram í húsnæði leikskólans og starfar kennarinn eftir skóladagatali Tónlistarskóla Sandgerðis. Samþætt námsefni er notað við tónlistarkennslu leikskólabarna og nemenda 1. – 4. bekkjar.

Nemendur í einkanámi á grunnskólaaldri eiga í sumum tilvikum kost á að sækja nám í tónlistarskólanum á kennslutíma grunnskólans. Þá fær nemandi að fara úr kennslustund í tónlistartíma. Það er háð leyfi foreldra/forráðamanna og skólastjóra/kennara í grunnskóla.

Á árshátíðum og jólaskemmtunum grunnskólans taka nemendur tónlistarskólans virkan þátt með hljóðfæraleik/söng.



Samstarf við foreldra

Samvinna við foreldra er mjög mikilvæg. Eftir áramót er svokölluð foreldravika, foreldrar/forráðamenn eru þá boðnir sérstaklega velkomnir að sitja kennslustund með barni sínu, kynna sér hvernig náminu miðar og hvað er framundan. Það skal þó tekið fram að foreldrar/forráðamenn eru ætíð velkomnir í kennslustund og eru hvattir til að hafa samband við kennara hvenær sem þurfa þykir.

Tónleikar

A.m.k. fernir auglýstir tónleikar eru haldnir yfir skólaárið, áhersla er lögð á að nemendur komi fram á opnum tónleikum eigi sjaldnar en tvisvar á vetri.

Í október og febrúar eru haldnir almennir tónleikar þar sem áhersla er lögð á einleik nemenda. Á jóla- og vortónleikum er meira lagt upp úr samspili nemenda. Auk þess heldur hver deild tónfundi tvisvar á skólaári.

Nemendur fá mörg önnur tækifæri til tónlistarflutnings í nafni tónlistarskólans. Má þar nefna uppákomur í grunnskólanum, í kirkjum, félagafundum o.s.frv.

Þátttaka nemenda í tónleikahaldi er liður í náminu, er það ákvörðun kennara í samráði við nemanda. Litið er á tónleikasókn sem hluta af náminu.

Kennslugreinar

Kennslugreinar: blokkflauta, píanó, gítar, harmónika, söngur, málm- og tréblásturshljóðfæri, trommur, rafgítar, rafbassi og tónfræðagreinar.

Allar kennslugreinar sem í boði eru miðast þó við eftirspurn nemenda og framboð af kennurum ár hvert.



Skólareglur

1. Nemendum og kennurum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir. Tilkynna ber forföll til viðkomandi kennara eða í síma Tónlistarskólans, sími: 423-7695
2. Almenn háttvísi er áskilin.
3. Nemandi skal koma vel undirbúinn í tíma.
4. Kennara er ekki skylt að bæta upp þær kennslustundir er kunna að falla niður vegna veikinda hans eða nemanda. Veikist kennari til langs tíma, reynir skólinn að útvega forfallakennara.
5. Nemendur/kennarar skulu ganga vel og snyrtilega um skólann og eigur hans.
6. Góð umgengni og góð meðferð hljóðfæra er áskilin. Nemendum er bannað að lána hljóðfæri sem þeir eru með á leigu. Viðhald hljóðfæris á lánstímanum og skemmdir af völdum slæmrar meðferðar eru á kostnað nemenda.
7. Mæti nemandi ekki í tvær kennslustundir í röð án forfallatilkynningar skal kennari hafa samband við foreldra/forráðamenn og skólastjóra.
8. Nemanda ber að mæta á alla tónfundi, samspilstíma og tónfræðatíma sem honum er ætlað.
9. Skírteini um áfangapróf/stigspróf taka ekki gildi fyrr en samhliða tónfræðagreinum er lokið.
10. Komi nemandi fram opinberlega utan tónlistarskólans skal hann gera það í samráði við tónlistarkennara.
11. Snyrtilegur klæðnaður og þrúðmennska nemenda/kennara skal ávallt viðhöfð á tónleikum skólans.



Hagnýtar upplýsingar

Öllum íbúum bæjarfélagsins er er heimil innganga í tónlistarskólann.

Lögbundin frí við skólann eru eftirfarandi: jólaleyfi og páskaleyfi samkvæmt skóladagatali, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur og annar í hvítasunnu.

Sérstakir frídagar við Grunnskóla Sandgerðis, t.d. skipulagsdagar kennara, eru **ekki** frídagar í Tónlistarskóla Sandgerðis.

Með vissu millibili eru nemendur sendir heim með upplýsingablað varðandi skólalastarfið, til að minna á það sem er á döfinni s.s. tónleika, próf og fleira.

Vor- og stigspróf eru að jafnaði í síðustu viku fyrir páskaleyfi.

Til þess að áfanga-/stigspróf sé gilt þarf nemandi að hafa lokið prófum í tónfræðagreinum sem eru hliðstæðar því stigi sem hann er að ljúka.

Tónlistarskóli Sandgerðis

Skólastræti

245 Sandgerði

Sími: 423 7695

Netfang: tonosand@sandgerdi.is

Skólalastjóri: Lilja Hafsteinsdóttir



Starfstími/skólaárið

Starfstími tónlistarskóla er frá 15. ágúst til 15. júní, kennsludagar nemenda skulu þó ekki hefjast fyrr en 20. ágúst og þeim skal lokið eigi síðar en 5. júní. Starfstími Tónlistarskóla Sandgerðis er að jafnaði á tímabilinu 15. ágúst til 31. maí. Lengd skólaárs ræðst af kjarasamningi tónlistarkennara.

Rekstur/skólaráð

Tónlistarskóli Sandgerðis er rekinn af Sandgerðisbæ og er starfsemi hans fjármögnuð af bæjarsjóði og með námsgjöldum. Við skólann er starfandi fimm manna skólaráð.



